



**KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK**



Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2022–2023

September 2023

©Kvennaskólinn í Reykjavík

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
	Matsteymi skólans.....	3
1.1	Matsáætlun skólaársins 2022-2023	4
1.2	Tölulegar upplýsingar (nemendur)	4
	Innritun nýnema haustið 2022	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni.....	5
	Meðalaldur nemenda	5
	Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2022 og maí 2023 eftir námsbraut og alls	5
	Útskriftarhlutfall	5
	Viðvera nemenda skólaárið 2022-2023.....	5
1.3	Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)	6
2.	Niðurstöður	6
2.1	Kennslu- og áfangamat	6
	Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2022-2023	7
	Samanburður á milli ára	7
2.2	Foreldra- og nýnemakönnun	8
	Nemendakönnun – nýnema haustið 2022.....	8
	Niðurstöður og samanburður á milli ára	9
	Könnun fyrir forráðamenn nýnema sem hófu nám haustið 2022.....	11
	Niðurstöður og samanburður á milli ára.	11
2.2.	Nemendakannanir	14
	Nemendakönnun: Helstu niðurstöður	15
	Könnun fyrir útskrifaða nemendur: Helstu niðurstöður	18
2.4.	Stofnun ársins	19
	Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs	20
2.5.	Markmið, mælikvarðar, gögn til grundvallar, viðmið og staðan 2022-2023	21
3	Greining á niðurstöðum	23
3.1	Styrkleikar	23
3.2	Tækifæri til umbóta	23
4	Verkefni/aðgerðir	23
4.1	Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2022-2023	23
4.2.	Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2023-2024	25

1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjarskóli og skólaárið 2022-2023 stunduðu nemendur nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, félagsvísindabraut og náttúruvísindabraut. Náms tími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki námi til stúdentsprófs á þremur árum. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla er á ábyrgð nemenda í námi, persónuleg og hlýleg samskipti, gildi tjáningar og þá samskiptahæfni sem nauðsynleg er í samskiptum ólíkra einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Þannig leggur skólinn áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Vorið 2023 var ákveðið að bjóða uppá nám á starfsbraut í Kvennaskólanum frá og með haustönn 2023. Um er að ræða fjögurra ára nám að loknum grunnskóla fyrir nemendur sem ekki geta nýtt sér almenn námstilboð framhaldsskóla en þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám er mætir færni þeirra og áhuga. Námið á starfsbrautinni er á fyrsta þrepi og einkum ætlað nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla.

Nemendur skólans eru að jafnaði um 640 og starfsfólk um 70 talsins. Við skólann starfar vel menntaður og reynslumikill hópur kennara og annars starfsliðs. Skólabragur skólans einkennist af heimilislegu andrúmslofti, jákvæðni, góðri umgengni og góðum samskiptum nemenda og starfsfólks og gagnkvæmri virðingu þeirra á milli.

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla ber að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Ennfremur ber framhaldsskólum að vinna að umbótum og auknum gæðum ásamt því að veita hlutaðeigandi upplýsingar um skólastarfið. Árlega setur skólinn sér markmið og aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu sína.

Áætlun og markmið fyrir skólaárið 2022-2023 sjá hér:

- [Stefnumiðun áætlun sbr. 31. gr laga um opinber fjármál \(2022-2024\)](#)
- [Stefnumiðun áætlun sbr. 31 gr laga um opinber fjármál \(2023-2025\)](#)
- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2022-2025](#)
- [Niðurstöður úr sjálfsmati fyrra skólaárs](#)

Matsteymi skólans

Skólaárið 2022-2023 var Björk Þorgeirsdóttir, námstjóri, verkefnisstjóri sjálfsmats. Matsteymi um sjálfsmat skólans stýrir starfinu en það skipa verkefnisstjóri, stjórnendur, tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar forráðamanna og tveir fulltrúar nemenda. Verkefnisstjóri stýrir fundum teymisins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um sjálfsmatið.

Matsteymi skólans, skólaárið 2022-2023:

Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari

Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari

Björk Þorgeirsdóttir, námstjóri og verkefnisstjóri sjálfsmats

Lilja Ósk Úlfarsdóttir og Kári Ibsen Árnason, fulltrúar kennara

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir og Guðrún Inga Ingólfsdóttir, fulltrúar foreldra

Ólöf Thelma Arnþórsdóttir og Tinna Sóley Hafliðadóttir, fulltrúar nemenda

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum skólaárið 2022-2023.

1.1 Matsáætlun skólaársins 2022-2023

Haustönn 2022	Vorönn 2023
Kennslu- og áfangamat: - Erlend tungumál og stærðfræði - Lagt fyrir í nóvember 2022 - Stjórnendamat og starfsmannasamtöl í kjölfarið	Kennslu- og áfangamat: - Félagsgreinar, saga og heilsulæsi - Lagt fyrir í mars 2023 - Stjórnendamat og starfsmannasamtöl í kjölfarið
Viðhorfskönnun - Móttaka, upplýsingagjöf, ánægja með skólann, líðan og samsömun - Lagt fyrir nýnema og forráðamenn þeirra í október 2022	Nemendakönnun - Viðhorf til skólans, viðmót, líðan, þjónusta og námsframboð í kjarna og vali - Lagt fyrir alla nemendur í apríl 2023
	Könnun fyrir útskrifaða nemendur - Nám eftir stúdentspróf, viðhorf til námsins og Kvennaskólans og hvort námið í skólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám, vinnu og/eða samfélagslega þátttöku. - Nemendur sem útskrifuðust vorið 2021 - Lagt fyrir í maí 2023

1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur)

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hverrar annar, þ.e. þremur vikum eftir að kennsla hefst.

Innritun nýnema haustið 2022

Haustið 2022 sóttu 320 nemendur í 10. bekk um skólavist sem fyrsta val og 377 sem annað val.

	Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
1. bekkur	61	166	0	227
2. bekkur	6	3	0	9
3. bekkur	0	0	0	0

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

Námsbraut	Haust 2022				Vor 2023			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	97	76	91	2	99	74	92	1
Hugvísindabraut				1	0	0	0	1
Náttúruvísindabraut	128	119	116	6	127	120	115	1
Samtals	636				630			

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

Námsbraut	Haust 2022			Vor 2023		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	49	217	0	51	215	0
Hugvísindabraut	1	0	0	1	0	0
Náttúruvísindabraut	121	248	0	120	243	0

Meðalaldur nemenda

Námsbraut	Haust 2022	Vor 2023
Félagsvísindabraut	16,7 ára	17,1 ára
Náttúruvísindabraut	16,7 ára	17 ára

Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2022 og maí 2023 eftir námsbraut og alls

Námsbraut	Haust 2022	Vor 2023
Félagsvísindabraut		86
Hugvísindabraut	5	1
Náttúruvísindabraut	1	113
Alls	6	200

Útskriftarhlutfall

Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2022 var 636 og 630 á vorönn 2023. Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann nái að brautskrást á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka 200 eininga stúdentsprófi.

- Á þriðja ári vorið 2023 voru 207 nemendur, brautskráðir vorið 2023 voru 200 (96,6%).
- Haustið 2020 innrituðust 222 nemendur í 1. bekk og vorið 2023 útskrifuðust 200 nemendur, 5 stefna að útskrift í desember 2023 og 2 vorið 2024. Útskriftarhlutfall innritunarhóps frá 2020 stefnir því í að verða 93,2%.

Viðvera nemenda skólaárið 2022-2023

	Haust 2022	Vor 2023
Nemendur með 96-100% raunskólasókn (eining f. skólasókn)	36,7%	25,7%
Nemendur með 80-100% raunskólasókn	93,3%	90,6%
Nemendur með 96-100% vottorðamætingu	67%	54,7%
Nemendur með 79% eða lægri raunskólasókn	7,2%	10,4%

Viðvera nemenda haustönn 2022 eftir árgöngum

	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur
Nemendur með 96-100% raunskólasókn (eining f. skólasókn)	48,2%	30,4%	31,4%
Nemendur með 80-100% raunskólasókn	98,7%	92,8%	88,4%
Nemendur með 96-100% vottorðamætingu	88,8%	60,3%	51,7%
Nemendur með 79% eða lægri raunskólasókn	1,3%	7,7%	12,6%

Viðvera nemenda vorönn 2023 eftir árgöngum

	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur
Nemendur með 96-100% raunskólasókn (eining f. skólasókn)	25,7%	30,6%	20,7%
Nemendur með 80-100% raunskólasókn	94,7%	89,6%	87,4%
Nemendur með 96-100% vottorðamætingu	63,7%	56%	44,4%
Nemendur með 79% eða lægri raunskólasókn	5,3%	8,8%	17,2%

Eitt af markmiðum skólans er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Einn mælikvarði er skólasókn og þá sérstaklega óútskýrð fjarvera úr kennslustundum. Við settum okkur það markmið að óútskýrð fjarvera yrði undir 6% árið 2023. Á skólaárinu þá var leyfi (L) skráð sem fjarvist með útskýringu (reiknuð fjarvistastig) og því ekki inni í svokallaðri vottorðamætingu.

Í skólareglum kemur fram að fari raunskólasókn niður fyrir 80% um leið og hún er undir 90% með vottorðum er litið svo á að nemandinn hafi sagt sig úr skóla. Á skólaárinu voru yfir 90% nemenda með yfir 80% raunskólasókn. Skólasókn nemenda er best hjá nemendum í 1. bekk á haustönn.

Á skólaárinu voru reglur skólans um skólasókn endurskoðaðar og búið er að birta nýjar reglur um skólasókn á heimasíðu skólans (<https://www.kvenno.is/is/skolinn/skolinn/skolareglur-1/reglur-um-skolasokn-1>)

1.3 Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)

Fjöldi starfsfólks og stöðugildi 1. október 2022 og 1. mars 2023.

Skipurit skólans má sjá [hér](#).

	Haust 2022		Vor 2023	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Kennarar	51	45,64	51	43,36
Þjónustusvið	11	9,60	11	9,60
Nemendabjónusta	3	1,7	3	1,7
Veikindaleyfi	2	1,81	3	259
Leyfi	0	0	1	0,40

2. Niðurstöður

2.1 Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn er miðað við að 1/3 kennslugreina fari í kennslumat/áfangamat og hver kennari fari ekki sjaldnar í kennslumat og starfsmannasamtal en á tveggja ára fresti. Kennslu- og áfangamatið fer fram í Innu og er tilgangurinn að kennarar og stjórnendur fái vísbendingar um hvernig til hafi tekist í einstökum áföngum og/eða námsgreinum. Kennarar sjá niðurstöður sínar úr matinu í Innu og eru þær ræddar og rýndar í starfsmannasamtölum við skólameistara, aðstoðarskólameistara eða námstjóra.

Sjá verklagsreglur vegna kennslu-/áfangamats [hér](#).

Á haustönn voru áfangar í erlendum tungumálum og stærðfræði metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu vikuna 2.-9. nóvember, svarhlutfall var 77,6%.

Á vorönn voru áfangar í félagsgreinum, sögu og heilsulæsi metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu vikuna 21.–28. mars, svarhlutfall var 68,9%.

Skólinn hefur sett sér það markmið að auka gæði náms og kennslu og að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Þessi markmið eru meðal annars mæld í kennslu- og áfangamatinu.

Markmiðin eru svohljóðandi:

- *Að svarhlutfall í kennslu- og áfangamati verði 81% eða hærra árið 2023*
- *88% nemenda nota upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (námsáætlun, ítarefni, fyrirmæli með verkefnum og prófspurningum) árið 2023*
- *80% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum árið 2023*

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2022-2023

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2022-2023	Haust 2022	Vor 2023
Telja kennsluaðferðir fjölbreyttar	60%	70%
Segja að námsgögn áfanga séu góð	77%	70%
Segja kennara setja reglulega upplýsingar og leiðbeiningar inn í Innu	82%	85%
Segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu	87%	89%
Segja að kennarar nái að vekja áhuga þeirra á námsefninu og vera jákvæða í garð nemenda	70%	77%
Segja kennara sýna áhuga á að nemendur taki framförum	80%	77%
Segjast geta leitað til kennara til að fá aðstoð við námið	83%	82%
Segja að kennarar skili úrlausnum með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	76%	69%
Telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum	76%	77%
Finnst fyrirkomulag námsmats sanngjarnt	79%	82%
Segja vinnuálag í áföngunum miðað við einingafjölda hæfilegt	78%	76%

Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við opnum spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Samhliða kennslu- og áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu fá kennarar tækifæri til að tjá sig um sína hópa. Þannig geta kennarar svarað því hvort það sé eitthvað sem þeir telji mikilvægt að komi fram varðandi kennslu í ákveðnum bekk og/eða áfanga. Þannig söfnum við upplýsingum um þætti sem geta haft áhrif á kennslu- og áfangamatið, s.s. þegar verið er að taka inn nýtt námsefni, breyta námsmáti, hvenær dags kennslustundirnar í áfanganum eru, í hvaða stofum áfanginn er kenndur, bekkjarandi o.s.frv. Þessar upplýsingar eru skoðaðar samhliða niðurstöðum úr kennslu- og áfangamatinu og eru þar með hluti af gögnum sem stjórnendur rýna í fyrir starfsmannasamtöl.

Samanburður á milli ára

Haust 2021: Félagsgreinar, saga og íþróttir

Vor 2022: Íslenska og raungreinar

Haust 2022: Erlend tungumál og stærðfræði

Vor 2023: Félagsgreinar, saga og heilsulæsi

Niðurstöður kennslu- og áfangamats	Haut 2021	Vor 2022	Haut 2022	Vor 2023
Telja kennsluaðferðir fjölbreyttar	72%	71%	60%	70%
Segja að námsgögn áfanga séu góð	70%	76%	77%	70%
Segja kennara setja reglulega upplýsingar og leiðbeiningar inn í Innu	89%	84%	82%	85%
Segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu	89%	90%	87%	89%
Segja að kennarar nái að vekja áhuga þeirra á námsefninu og vera jákvæða í garð nemenda	80%	83%	70%	77%
Segja kennara sýna áhuga á að nemendur taki framförum	84%	83%	80%	77%
Segjast geta leitað til kennara til að fá aðstoð við námið	87%	90%	83%	82%
Segja að kennarar skili úrlausnum með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	73%	81%	76%	69%
Telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum	75%	85%	76%	77%
Finnst fyrirkomulag námsmats sanngjarnt	82%	84%	79%	82%
Segja vinnuálag í áföngunum miðað við einingafjölda hæfilegt	79%	77%	78%	76%

2.2 Foreldra- og nýnemakönnun



Markmið skólans er að nemendur séu ánægðir og þeim líði vel í skólanum. Einn þáttur í þessu er að taka vel á móti nýnemum. Síðustu ár þá hafa nýnemar og forráðamenn þeirra svarað könnunum þar sem m.a. er spurt um móttöku nýnema, kynningu á skólanum, nýnemaferðir, líðan í skólanum og ánægju með skólann.

Markmiðin eru svohljóðandi:




- 75% nemenda líði vel í skólanum árið 2022 og 90% árið 2023
- 75% nemenda telja sig hluta af tilteknum hóp í skólanum árið 2022 og 85% árið 2023

Nemendakönnun – nýnemar haustið 2022

Á haustönn 2022 svöruðu nýnemar á 1. ári könnun þar sem spurt var um móttöku nýnema, nýnemaferðina, kynningu á skólanum, samsömum og líðan. Könnunin var lögð fyrir í Innu og var opin 7. til 14. október 2022. Svarhlutfallið var 78,9%.





Kvennaskólinn var með opið hús fyrir 10. bekkina. Hvernig fannst þér kynningin á skólanum á opna húsinu?



Þessi spurning tengist samsömun nemenda við skólann með vísan til líðan þeirra í skólanum og félagslegra tengsla við hann. Nemendur skólans tóku þátt í alþjóðlegu rannsókninni [Borgarbörn](#) (e.

International Study of City Youth) árið 2018 og þá voru 54% mjög sammála, 35% frekar sammála, 8% svöruðu hvorki né og 3% voru ósammála.




Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri til stjórnenda skólans í opinni spurningu:


- Annað sem þú vilt koma á framfæri til stjórnenda skólans.

Könnun fyrir forráðamenn nýnema sem hófu nám haustið 2022

Könnunin var send í tölvupósti til forráðamanna nýnema á 1. ári 10. október 2022, alls bárust 78 svör.



Niðurstöður og samanburður á milli ára.










Notar þú Innu til að fylgjast með mætingu barnsins þíns?

Notar þú Innu til að fylgjast með námsárangri barnsins þíns (t.d. einkunnum og/eða verkefnaskilum)?







Til viðbótar gafst forráðamönnum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri í þremur opnum spurningum:

- Er eitthvað sem þér finnst við gera vel varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
- Er eitthvað sem þér finnst að við mættum gera betur varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
- Annað sem þú vilt koma á framfæri til stjórnenda skólans?

2.2. Nemendakannanir

Samkvæmt matsáætlun skólans var lögð fyrir nemendur könnun þar sem spurt var um líðan, þjónustu, námsframboð og fleira. Könnunin var lögð fyrir í Innu í apríl 2023, opin dagana 11. – 25. apríl 2023. Svarhlutfallið var 81,5%.


Eitt af markmiðum skólans er að auka gæði náms og kennslu.


Mælikvarðar eru m.a. eftirfarandi spurningar í nemendakönnuninni:

- „Mér líður vel í skólanum“
- „Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hóp í skólanum“
- „Hvað finnst þér um námsframboð í skyldunámi (kjarna) á þinni braut?“
- „Hvað finnst þér um námsframboð valáfanga?“

Nemendakönnun: Helstu niðurstöður







Helstu niðurstöður eru þær að rúmlega 60% nemenda telja sig hafa verið mjög eða frekar vel undirbúna fyrir nám í framhaldsskóla og mikill meirihluti nemenda er ánægður með námsframboðið í skyldunámi (87%) og valáfanga (83%). Nær 60% nemenda eru ánægðir með mötuneyti skólans og nemendur sem nota bókasafnið telja lestrar- og vinnuáðstöðuna á bókasafninu góða (82%). 55% nemenda eru ánægð með opnunartíma skrifstofunnar en athygli vekur að 34% nemenda vita ekki hvenær skrifstofa skólans er opin. Mikill meirihluti telur aðgengi að stjórnendum skólans gott og eru ánægð með stoðþjónustu skólans. Tæp 70% nemenda stunda launaða vinnu með námi og 63% stunda skipulagðar tómstundir eða æfingar í hverri viku. Athygli vekur að einungis 20% nemenda sofa að jafnaði 8 klukkustundir á nóttu og 74% nemenda telja sig ekki fá nægan svefn á virkum dögum.

74% nemenda segja að þeim líði vel í skólanum og að þeir upplifi sig sem hluta af tilteknum hóp í skólanum. Nær 60% segjast hafa áhuga á því sem þau læra og rúmlega 70% nemenda telja sig læra færni sem er mikils virði í skólanum. Yfir 90% nemenda taka þátt í félagsstarfi á vegum nemendafélagsins Keðjunnar og lang flestir (94%) nemenda telja skólann jafnréttissinnaðan og flestum nemendum fannst gildin *fjölbreytileiki, virðing og metnaður* lýsa skólanum og skólamenningunni best.

Til viðbótar gafst þátttakendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í þremur opnum spurningum:

- Nefndu það sem þér finnst vel gert og gott í náminu þínu
- Er eitthvað sem þér finnst betur mega fara varðandi námið og hvernig myndir þú vilja breyta náminu til hins betra
- Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? Athugasemdir/ábendingar til stjórnenda

Könnun fyrir útskrifaða nemendur: Helstu niðurstöður

Eitt af markmiðum skólans er að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms og því mikilvægt að fá svör frá útskrifuðum nemendum. Könnun var send í tölvupósti í maí 2023 til nemenda sem útskrifuðust vorið 2021. Alls útskrifuðust 188 stúdentar þetta vor og vorum við með skráð 186 virk einkanetföng. 100 svöruðu sem gerir 54% svarhlutfall.

Markmið með könnuninni var að fá upplýsingar um hvort útskrifaðir nemendur hefðu farið í nám eftir stúdentspróf eða stefni á að fara í nám, kanna viðhorf þeirra til námsins og skólans og hvort þeir telji að námið í skólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám, vinnu og/eða samfélagslega þátttöku.

	Könnun vorið 2023: útskrifaðir vorið 2021	Könnun vorið 2022: útskrifaðir vorið 2019
Fóru í nám eftir stúdentspróf	86%	95%
Voru búin að ákveða í hvaða nám þeir ætluðu þegar þeir voru í Kvennaskólanum	40%	41%
Töldu að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám	96%	91%
Fannst gerðar kröfur í náminu í Kvennaskólanum	81%	80%
Töldu námið í Kvennaskólanum hafa verið of létt	2%	5%
Töldu að námið í skólanum hafi verið góðan undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði	82%	63%
Töldu að námið í Kvennaskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir samfélagslega þátttöku	82%	84%
Töldu líklegt að þau myndu mæla með náminu í Kvennaskólanum	98%	96%

Mikill meirihluti útskrifaðra nemenda hefur farið í nám eftir stúdentspróf eða 85% og 20% til viðbótar stefna á nám eða frekara nám eftir stúdentsprófið. Í könnuninni þá voru þátttakendur beðnir um að svara spurningunni: *Ef þú fórst í nám eftir stúdentsprófið úr Kvennaskólanum, í hvaða nám fórst þú?*

Mjög áhugavert að sjá í hversu fjölbreytt nám útskrifaðir nemendur fóru eftir stúdentsprófið. Flestir fóru í verkfræði (15), sálfræði (8), félagsráðgjöf (7), viðskiptafræði (5), lögfræði (5), tölvunarfræði (4), stjórnmálafræði (4), lífeindafræði (4) og líffræði (4). En að auki fóru nemendur í læknisfræði, hjúkrunarfræði, kennaranám, lýðháskóla, dýralæknánám, ensku, félagsfræði, tómstunda- og félagsmálafræði, kvikmyndafræði/-nám, byggingatæknifræði, húsasmíði, sjúkraþjálfun, grafíska hönnun, bifvélavirkjun, fatahönnun, ferðamálafræði, myndlistarnám, lögreglufræði, tannlæknisfræði, sagnfræði, næringarfræði, dansnám, leiklist, geislafræði, stærðfræði, íslensku, frönsku og hústjórnskólann.

Til viðbótar gafst þátttakendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í fjórum opnum spurningum:

Af hverju valdir þú Kvennaskólann?

Svarendur nefndu oftast eftirfarandi þætti:

- *Bekkjarkerfi (59)*
- *Staðsetning og umhverfi (34)*
- *Þættir tengdir náminu, námsbrautum og skipulag námsins (31)*
- *Gott orðspor (19)*

Nefndu það sem þér fannst vel gert og gott í náminu þínu í Kvennaskólanum.

Svarendur nefndu oftast eftirfarandi þætti:

- *Góðir kennarar og gott samband milli kennara og nemenda (59)*
- *Skipulag námsins: Gott skipulag á námsbrautum og mikið og fjölbreytt val (38)*
- *Ánægja með náms- og kennsluaðferðir (13)*
- *Gott félagslíf (13)*

Hvað fannst þér betur mega fara varðandi námið í Kvennaskólanum?

Svarendur nefndu oftast:

- *Ábendingar varðandi kennsluaðferðir og námsframboð (16)*
- *Minni áhrif Covid á skólagöngu þeirra (7)*
-

Viltu koma einhverju sérstöku á framfæri?

Svarendur nefndu oftast eftirfarandi þætti:

- *Góður skóli og góðar minningar (20)*
- *Ekki sameina Kvennaskólann og Menntaskólann við Sund (18)*

Þessar niðurstöður benda til þess að útskrifaðir nemendur frá Kvennaskólanum telji sig vel undirbúna fyrir framhaldsnám og eru ánægðir með skólann sinn.

2.4. Stofnun ársins


Könnunin [Stofnun ársins](#) var lögð fyrir starfsfólk í nóvember/desember 2022. Könnunin er gerð árlega af Sameyki stéttarfélagi í almannajónustu í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og sér

Gallup um framkvæmd hennar. Í könnuninni er spurt um stjórnun skólans, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægju, stolt og jafnrétti. Svarhlutfallið var 60%.

Heildareinkunn skólans árin 2018, 2019, 2020, 2021 og 2022:

	2018	2019	2020	2021	2022
Heildarmat	4,08	4,11	4,20	4,115	4,32

Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs



Eitt af markmiðum skólans er aukin starfsánægja þar sem mælikvarðarnir eru m.a. niðurstöður úr Stofnun ársins.

Viðmið okkar fyrir árið 2022 eru eftirfarandi:

- Starfsandi (4,5), vinnuskilyrði (3,9) og ánægja og stolt (4,7).


Fimm þættir sem komu **best** út hjá skólanum í könnuninni haustið 2022 voru:

Fimm hæstu einkunnir stofnunar



Fimm atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum má sjá hér fyrir neðan. Athuga að tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunarinnar og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki.

Fimm lægstu einkunnir stofnunar



2.5. Markmið, mælikvarðar, gögn til grundvallar, viðmið og staðan 2022-2023

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið	Staðan 2022-2023
Auka ábyrgð nemenda á eigin námi	Skólasókn	Mætingaprósenta	Óútskýrð fjarvera 6%	77,6% nem. m/94-100% VSK ² haust 2022 og 68,8% vor 2023. Leyfi 2,1% haust 22 og 2,9% vor 23
	Námsframvinda	Fjöldi nemenda í endurtökuprófum ¹	65 þreytt endurtökupróf 2023	91 þreytt endurtökupróf vor 2023, 64 náðu lágmarks. eink. 5.

¹ Nemendur sem hafa aðaleinkunn 5,0 eða hærrí í lok skólaárs en hafa hlotið lokaeinkunn undir 5 í einhverjum áföngum hafa heimild til að þreyta endurtökupróf í einum til tveimur kjarnaáföngum við lok skólaárs. Sjá reglur skólans um endurtökupróf hér: <https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsmat-og-namsframvinda/reglur-um-endurtokuprof>

² Í VSK=vottorðamætingu þá er gert ráð fyrir veikindum og leyfum vegna landsliðsverkefna og tónlistarnámi. Ekki gert ráð fyrir leyfum (L).

Mat nemenda á eigin stöðu	Kennslu- og áfangamat	88% nota uppl. og leiðbeiningar frá kennurum í Innu	87% haust 2022 89% vor 2023
		80% telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum	76% haust 2022 77% vor 2023

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið	Staðan 2022-2023
Auka gæði náms og kennslu	Líðan nemenda í skólanum	Nýnemakönnun	90% nýnema líður vel í skólanum.	86% haust 2022
			85% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum	82% haust 2022
		Nemendakönnun (allir nemendur)	75% líður vel í skólanum.	74% vor 2023
			75% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum	84% vor 2023
		Þátttaka í kennslu- og áfangamati	80% 2022 81% eða hærra 2023	77,6% haust 2022 68,9% vor 2023
		Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	80% 2022	88% nýnema ánægð með að hafa valið skólann. 98% útskrifaðra nemenda mæla með náminu í Kvennaskólanum
		Áfangaframboð í kjarna og vali	80% ánægð með námsframboð	87% ánægð með námsframboð í kjarna. 83% ánægð með námsframboð valáfanga

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið	Staðan 2022-2023
Aukin starfsánægja	Starfsandi Vinnuskilyrði Ánægja og stolt	Stofnun ársins	Viðmið 2022: Starfsandi = 4,5 Vinnuskilyrði = 3,9 Ánægja og stolt = 4,7	Starfsandi = 4,56 Vinnuskilyrði = 3,85 Ánægja og stolt = 4,77

3 Greining á niðurstöðum

3.1 Styrkleikar

- Útskriftarhlutfall innritaðra nemenda er hátt og langflestir nemendur ljúka 200 eininga stúdentsprófi á þremur árum.
- Mikill meirihluti nemenda segir vinnuálag miðað við einingafjölda hæfilegt.
- Nemendur eru ánægðir með skipulag náms og námsframboð í kjarna og vali.
- Nemendum líður almennt vel í skólanum og flestir upplifa sig sem hluta af tilteknum hópi.
- Mikill meirihluti útskrifaðra nemenda fer í nám eftir stúdentspróf.
- Útskrifaðir nemendur telja námið í skólanum vera góðan undirbúning fyrir frekara nám, samfélagslega þátttöku og vinnumarkað.
- Nýnemar og forráðamenn þeirra eru ánægð með móttöku nýnema og ánægð með að hafa valið Kvennaskólann.
- Meirihluti nemenda er ánægður með þjónustu skólans (mötuneyti, bókasafn og stoðþjónusta).
- Starfsfólk er ánægt með stjórnun og starfsandann og segir ímynd stofnunarinnar góða.

3.2 Tækifæri til umbóta

- Kynna betur samantekt á viðveru nemenda með það að markmiði að skólasókn nemenda lækki ekki milli anna.
- Kynna betur fyrir nemendum kennslu- og áfangamatið með það að leiðarljósi að ná betra svarhlutfalli.
- Vinna áfram með niðurstöður úr nemendakönnunum.
- Kynna betur opnunartíma skrifstofunnar.

4 Verkefni/aðgerðir

4.1 Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2022-2023

Markmið	Úrbætur
Efla nemendalýðræði innan skólans	Rýnihópar nemenda í 3. bekk komnir í matsáætlun skólans. Reglulegir fundir stjórnenda og fulltrúa nemendafélagsins.
Stoðþjónusta	Náms- og starfsráðgjafar buðu uppá skipulagða hópráðgjöf og styttri námskeið ásamt einstaklingsráðgjöf. Verður árlegt. Vikulegir fundir stoðþjónustuteymis með námstjóra.

	Efla hópráðgjöf og námskeið á vegum stoðþjónustu skólans. Þjónusta skólahjúkrunarfræðings skv. samningi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins heldur áfram. Viðtalsherbergi hjúkrunarfræðings tekið í gegn. Skipulagt samstarf stoðþjónustuteymis.
<i>Endurskoðaða reglur um skólasókn</i>	Lokið, sjá hér: https://www.kvenno.is/is/skolinn/skolinn/skolareglur-1/reglur-um-skolasokn-1 .
<i>Dreifing betur prófaálagi á önn</i>	Skráning í sameiginlegt skjal sem sýnir prófa- og verkefnaálag allra bekkja. Nýtt skjal á hverri önn.
<i>Upplýsingamiðlun</i>	Rafrænt (lifandi) viðburðadagatal ásamt veggspjaldi og tölvupósti í byrjun mánaðar um það helsta sem verður á döfinni á næstu vikum.
<i>Vistvænar samgöngur</i>	Hjólageymsla fyrir starfsfólk. Unnið í samvinnu FSRE. Áætlað að ljúki 2024. Búið að endurskoðaða samgöngusamning.
<i>Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist í samvinnu við FSRE</i>	Vinna hafin í samvinnu við FSRE.
<i>Samráð um þarfir í endurmenntun</i>	Skólinn kominn með Erasmus vottun. Skipulögð skólaheimsókn til Írlands.
<i>Starfsfólk af erlendum uppruna</i>	Ekki búið að þýða handbók starfsfólks en á skólaárinu voru auglýsingar frá starfsmannafélaginu þýddar yfir á pólsku.
<i>Samgöngustefna, samgöngustyrkur</i>	Endurskoðun í gangi. Heldur áfram á næsta skólaári.
<i>Bókasafnið</i>	Vinna að endurskipulagningu á starfsemi bókasafnsins, vinna í gangi.
<i>Námskrávinna</i>	Áfangarýni lokið. Breyting á námskipulagi félags- og náttúruvísindabrautar auglýst á heimasíðu skólans, sjá hér: Félagsvísindabraut: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/felagsvisindabraut . Náttúruvísindabraut: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/natturuvisindabraut-1 .

4.2. Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2023-2024

Markmið	Úrbætur
<i>Starfsbraut</i>	Starfsbraut skólans til starfa haustið 2023 og er vinna við ritun námsbrautarinnar í gangi, sjá hér: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/starfsbraut
<i>Gæðahandbók</i>	Innleiðing gæðahandbókar skólans í Share Point og sniðmáti fyrir skjöl skólans hófst haustið 2022.
<i>Námskrárvinna</i>	Kennslu- og áfangamat þar sem sjónum er beint að hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í áföngum.
<i>Aðbúnaður og vinnuskilyrði</i>	Aukið samráð við starfsfólk varðandi aðbúnað og bætt vinnuskilyrði. Hófst 2022, vinna í gangi.
<i>Græn skref ríkisstofnana</i>	Vinna í gangi, hófst haustið 2022.
<i>Farsældarþjónusta</i>	Vinna að innleiðingu farsældarlaganna hafin. Sjá hér: https://www.kvenno.is/is/foreldrar/stodthjonusta/farsaeldarthjonusta .

Reykjavík, 18. september 2023

Björk Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri sjálfsmats